
FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI LÆKJAR, Í HVALFJARÐARSVEIT



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1056-25291



Á forsíðumynd er leið BO-641:002, horft er til suðvesturs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3477

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 15 ha deiliskipulagsreits sem nefnist Lækur og er byggður úr landi Hafnar í Hvalfjarðarsveit. Innan svæðis eru fyrirhugað að byggja 13 smáhýsi, þrjú þjónustuhús og tvö einbýlishús. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa á svæðinu og voru þá engar fornleifar skráðar innan svæðisins. Við skráninguna 2025 fundust tvær fornleifar, leið og mógrafir. Þær voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Lækur, Hvalfjarðarsveit.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within an 15-hectare assessment area within the farm of Höfn in Hvalfjarðarsveit, an area named Lækur. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowner as part of the planning process for proposed developments. The Institute had previously conducted a general survey in the area, during which no sites were recorded within the proposed planning area. In the 2025 survey two sites were surveyed, an old route and a peat-cutting area. The sites are both considered to be at high risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Lækur, Hvalfjarðarsveit.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	16
6. Heimildir	18
Viðauki: Minjakort	19



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ

1. Inngangur

Í ágúst 2025 var unnin fornleifaskráning innan um 15 ha deiliskipulagsreits sem nefndur er Lækur. Svæðið tilheyrði áður jörðinni Höfn í Leirár- og Melasveit sem nú er orðin hluti af Hvalfjarðarsveit. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan svæðisins en þar er ráðgert að byggja 13 smáhýsi, þrjú þjónustuhús og tvö einbýlishús.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 15 ha og er afmarkað með blárri línu á myndinni. Innan þess eru tvær fornleifar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skráningarsvæðið er þýft og deiglent í aflíðandi halla að sjó. Hálfgrónir melar eru við VNV og ASA mörk svæðisins og er Hringvegurinn auk þess fast austan marka þess. Svæðið er um 400 m NNA gamla bæjarins á Höfn og um 280 m NNA gamla heimatúnsins. Ætla má því að svæðið hafi nýst fyrir útbeiti á fyrri tíð auk þess að þjóðleið lá þar um. Þar að auki kann þar að hafa verið stunginn mór (sjá mynd 2).

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Leirár- og Melasveit árin 2001-2002 og var skýrsla um skráninguna gefin út ári síðar.¹ Engar fornleifar voru þá skráðar innan svæðisins. Í aðalskráningu er þó aðeins gengið á þekkta staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin líkt og krafa er gerð um vegna umhverfímats og deiliskipulags.

Við skráninguna 2025 var farið á vettvang í ágúst og svæðið gengið skipulega í leit að minjum. Tvær fornleifar voru skráðar innan marka úttekarsvæðisins. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

¹ Birna Lárusdóttir og Oddgeir Isaksen, 2003.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:


- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: BO-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar

upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012). Önnur af fornleifunum tveimur sem skráðar voru telst til þeirra minja sem ekki tengjast einstaka bújörð, heldur ná yfir fleiri en eina jörð innan sveitarfélagsins. Slíkar fornleifar fá því ekki númer sem bundið er við ákveðna jörð, heldur almennt númer sem nær til allra fornleifa af þessu tagi í hverju sveitarfélagi. Í þessu tilviki er það BO-641 „Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Leirár- og Melasveit“.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BO-104 Höfn

Sögulegar heimildir

„Hafnar-Ormur landnámsmaður, bjó í Höfn.“ BB II, 134.

„Hálfkirkja hefur hjer verið, að menn segja, í þeim stað sem enn stendur húsið, hvört enn er kirkja kallað, en aldrei hafa hjer verið tíðir veittar, það menn minnst.“ JÁM IV, 149.

Um kirkjuna er getið í mörgum annálum og skjölum í gegnum aldirnar. Fyrstu heimildir um hana eru úr máldaga kirkjunnar á Melum frá 1181: „[kirkiu á Melum] fylgia kirkiur ... i hofn. “ DI I, 271-272.

Kirkjan á Höfn ásamt kirkjunum á Neðra-Skarði og í Belgsholti voru teknar af eftir 1600. PP, 121.

1707: 40 hdr., Bændaeign. JÁM IV, 149.

1847: 40 hdr., Bændaeign. JJ, 110.

Landkostir

Túnakort 1918: Tún 71.383 m², allt slétt. Garðar 1.308 m².

„Selstöðu á jörðin í heimalandi, en brúkast nú ekki. Skógur til raftviðar lítill, en til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista til húsa og heyja lök. Stúnga nóg. Mótak til eldiviðar nægilegt. [...]Lending sem segir um Belgsholt. [...]Túninu spillir Hafnará að norðanverðu með grjótsáburði en sandfjúk að sunnan. [...]Átroðning líður jörðin mikinn á túnum, høgum og skógi.“ JÁM IV, 150-151.

BO-104:034 náma mógrafir

A 357414 N 444448



Ein af mógröfum BO-104:034, horft til SSV.

Mógrafir eru um 770 m norðaustan við bæinn í Höfn 001 og um 40 m VNV Þjóðvegur 1. Svæðið er deiglent og hálgrónir melar í kring. Ekki eru þekktar mógrafir úr heimildum á þessum stað en lögun og staðsetning dældanna bendir til þess að þarna hafi verið mótekja. Mógrafirnar virðast hafa verið um 35 x 25 m á stærð. Aðeins eru um 5 grafir greinanlegar en mögulega hafa verið fleiri á svæðinu. Þær eru almennt um 3 m á breidd en misjafnar að lengd, á milli 2-17 m. Enn er vatn í gröfunum svo óljóst er hversu djúpar þær eru.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna rasks.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

BO-641 Fornleifar á fleiri en 1 jörð í Leirár- og Melahreppi

BO-641:002 gata leið

A 357032 N 444692



Leið BO-641:002, horft til norðurs.

Gata var merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910 á svæðinu. Hún lá frá leið 018 við Lambhaganes í norðvestur yfir Lækjarós, framhjá Skorholtsbæjum (BO-120 og BO-121), að Fiskilæk (BO-106) og áfram í norður að Höfn (BO-104), inn með Borgarfirði og yfir hreppamörk, framhjá Grjóteyri (BO-149), Árdal (BO-151), Innri-Skeljabrekku (BO-153), Nedri-Hreppi (BO-132), Syðstu-Fossum (BO-154) og endar nærri Hesthálsi í landi Hests (BO-158). Gatan er merkt sem „óviss“ þar sem hún liggur yfir Lækjarós og sem vagnvegur frá nyrðri bakka óssins og að Skorholti. Á túnakorti Fiskilækjar frá 1918 er leiðin merkt sem sýsluvegur. Leiðin liggur yfir hreppamörk og er einnig skráð á BO-661:001 og BO-661:007. Leiðin var athuguð á vettvangi í heimatúni Fiskilækjar og á þremur stöðum í landi Hafnar, um 200 m suðaustur

af bæ BO-104:001, á Hafnarmelum við Móhóla um 1,2-1,5 km suður af bæ og um 2,2 km suður af bæ árið 2024. Sumarið 2025 var leiðin tekin út innan deiliskipulagsreits um 650 m NNA bæjarins á Höfn. Ekki fundust ummerki um eldri götu en nú liggur malarvegur á svipuðum slóðum, frá bænum, til norðurs yfir Hafnará og áfram meðfram vesturmörkum úttektarsvæðisins. Vegurinn liggur yfir hálfgróinn mel og var hnit tekið þar sem hann fer yfir Húsalæk.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: Hkort 26 NA Borgarfjörður

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar innan um 15 ha úttekta svæðis sem nefnt er Lækur og tilheyrði áður lögbýlinu Höfn í Leirár- og Melasveit, nú Hvalfjarðarsveit. Svæðið er í deiglendum úthaga um 280 m NNA við gamla heimatún jarðarinnar. Deiliskipulagið er unnið vegna áætlana um uppbyggingu en þar stendur til að reisa 13 smáhýsi, þrjú þjónustuhús og tvö einbýlishús. Innan marka deiliskipulags voru skráðar tvær fornleifar, meintar mógrafir og gömul þjóðleið. Allar minjar, hundrað ára og eldri njóta sjálfkrafa friðunar hér á landi og er helgunarsvæði fornleifa 15 m.

Fornleif BO-104:034 eru líklegar mógrafir. Þær fundust við ASA hlið svæðisins. Grafirnar eru sýnilegar á gömlum loftmyndum frá Landmælingum Íslands, sú elsta frá árinu 1977. Á þessum stað má nú sjá dældir sem líklega sem telja má líklegt að séu leifar grafanna. Á vettvangi voru fimm grafir enn greinilegar. Minjasvæðið er á mörkum melar og rétt austan hans er Hringvegurinn. Því er mögulegt að mógrafasvæðið hafi náð lengra til austurs áður en vegurinn var lagður með tilheyrandi raski.

Þjóðleið BO-641:002 sem merkt er á herforingjaráðskorti frá 1910 var skráð meðfram vesturhlið svæðisins. Leiðin lá frá Lambhaganesi, fyrst til norðvesturs, síðan til norðurs inn Borgarfjörð og endaði nærri Hesthálsi í landi Hests. Hluti hennar var skráður vegna deiliskráningar árið 2024 sunnar í landi Hafnar þar sem ekki sást til hennar og í landi Fiskilækjar en þar var hún enn greinileg.² Engin yfirborðsmerki sjást lengur um leiðina innan þess svæðis sem hér er til úttektar en ætla má að hún hafi vikið fyrir nýlegri malarvegi sem liggur á svipuðum stað.

Á báðum minjastöðum var fyllt út það sem kallað er „tímabundið hættumat“ vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kafli 4).

² Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2024.

Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan deiliskipulagsmarka sjálfkrafa í stórhættu við fyrstu skráningu. Algengt er þó að hættan sé hvorki óhjákvæmileg né óyfistíganleg en þar sem ljóst er að minjastaður muni raskast eða skemmast við framkvæmdir er það Minjastofnunar Íslands að ákvarða hvort framkvæmdir geti haldið áfram eins og ráðgert er, hvort gripa þurfi til mótvægisáðgerða vegna þeirra, og þá hverra.

6. Heimildir

- BB II: *Byggðir Borgarfjarðar. Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. 1989. II. bindi. Borgarfjörður: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.
- Birna Lárusdóttir og Oddgeir Isaksen. 2003. *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. FS199-00032. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.
- JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. IV. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.
- JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Kristjana Vilhjálmsdóttir (ritstj.). 2024. *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengst á Vesturlandi sumarið 2024. Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð og Eyja- og Miklaholtshreppur*. FS1008-24031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>
- PP: Sveinn Níelsson. 1949. *Prestatal og prófsta á Íslandi*. 2. útg. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Herforingjaráðskort 1910: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). (Blað 26 NA – Borgarfjörður). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir minjastaði innan deiliskipulagssvæðisins. Þar er einnig sýnd áætluð lega þjóðleiðar BO-641:002 út frá herforingjaráðskorti og er hún merkt sem rauð brotalína.

